



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

3. töl. 2008, - 18. árg.
Mars 2008

Lína Rut sýnir

Dagana 28. - 31. mars næstkomandi mun myndlistarkonan Lína Rut, sem búsett er í Luxembourg, vera með sýninguna Princes & Princesses í salnum Abbaye de Neumunster sem er á 28, rue Munster, L-2160 Luxembourg-Grund. Opnunarboð verður kl. 18.00 þann 28. mars.



Landsbanki Luxembourg S.A. er styrktaraðili sýningarinnar.

Ritstjóri

HBS í Lux

Höfuðbeina- og spjaldhryggisjöfnun (HBS) er mild en öflug meðferð sem getur hjálpað flestum.

Stefanía S. Ólafsdóttir kemur til Luxembourg 15. til 24. apríl næstkomandi og mun bjóða upp á HBS meðferðir fyrir þá sem vilja.

Kynning á heilun ásamt blómardroparáðgjöf er einnig í boði. Bókið tímanlega. Sjá nánar á bls. 3

Bryndís, Edda og Vala

Ræðismaðurinn

Ræðismaðurinn í Luxembourg mun flytja aðsetur sitt þann 31. mars næstkomandi.

16, rue Notre-Dame (1st floor)
L-2240 Luxembourg
Telephone +352 22 97 13 300
Fax +352 22 97 13 301
E-mail frisingr@pt.lu

Skrifstofan mun verða lokað frá 22. til 31. mars 2008. Ef áriðandi mál koma upp þá er hægt að hringja í sendiráðið í Brussel í síma +32 2 238 5000.

Roland Frising

Golfmót FÍL

Golfmót FÍL verður haldið seinni hluta aprílmánaðar í Golf Club Grand Ducal í Luxembourg. Fólk er hvatt til að mæta og sýna góða takta á vellinum. Mótið verður nánar auglýst síðar.

Stjórn FÍL

Íslenskuskólinn

Íslenskuskólinn hefst strax eftir páskafrí, í Internationalskólanum þann 2. apríl og í Ernster þann 12. apríl.

Öll börn eru velkomin, þau sem hafa ekki verið dugleg að mæta.

Breyttur tími er í Ernster, kennt er á laugardögum kl. 11.00



Páskafríð í Internationalskólanum er frá 21. mars til 30. mars. Í Luxembourgísku skólunum er páskafríð frá 22. mars til 5. apríl. Gleðilega páska!

Stjórn FÍL

Ísland í Brussel



Íslandskynningin í Brussel "Iceland on the edge" sem hófst þann 26. febrúar í

Brussel í Belgíu mun standa fram í júní eins og kom fram í febrúar Brú. Á dagskrá hátíðarinnar eru menningarviðburðir, kynning á viðskiptum, ferða- og ráðstefnumál og orkumál.

Skoðið nánar á www.bozar.be

ruv.is/netpóstur/ritstjóri

Rope Yoga

Nýtt námskeið er að hefjast þann 8. apríl næstkomandi og stendur til 19. júní 2008. Skráning er hafin. Tryggið ykkur pláss.

Sjá nánar á bls. 2

Elísabet A. Finnbogadóttir

Hörður Torfason

Söngvarinn og ljóðaskáldið Hörður Torfason verður með tónleika kl. 20:00 á Check - Inn 11. apríl næstkomandi.



Miðapantanir í síma 356 593 og á e-mail hknudsen@pt.lu

Laufey Ármannsdóttir

Guðspjónusta

Næsta guðspjónusta verður á hvítasunnudag 11. maí 2008 kl. 14:00 í kirkju Mótmælenda á 5 rue de la Congrégation í Luxembourg.

Sr. Sigurður Arnarson mun predika og þjóna fyrir altari. Fermdur verður Örn Freyr Jóhannsson.

Ráðgert er að söngur verði í höndum íslenska kórsins í London ásamt kórnum hér í Luxembourg.

Mælst er til að fermingarbörn og aðstandendur þeirra mæti.

Sr. Sigurður hefur verið með sex börn hér í Luxembourg í fermingarfræðslu í vetur og síðasta laugardag voru þau í fræðslunni í heilar þrjár klukkustundir.

Fermingarbörn ársins eru þau Auður Sigvaldadóttir, Helgi Halldórsson, Hildur Ragnarsdóttir, Magnús Jónsson, Pétur Jacobs og Örn Freyr Jóhannsson.

Mynd hér að neðan er af hópi barna í sunnudagaskólanum.

Ritstjóri/Kirkjunefnd



Í þessu blaði:

Lína Rut sýnir í Lux /

Golfmót FÍL /

Hörður Torfa á Check-Inn /

Guðspjónusta /

Ísland í Brussel /

HBS í Luxembourg /

Rope Yoga /

Íslenskuskólinn /

Ræðismaðurinn /

Presturinn okkar / 2

Leiklistarnámskeið / 2

Frestun / 2

Færð þú fréttir frá okkur? / 2

Apar og hvað ??? / 2

Hestamannamót / 2

Eric Clapton á Íslandi / 3

Ráðagóðahornið o.fl. / 3

Gisting í Bolungavík / 3

Litlu dálkarnir / 4



Á döfnni:

- Iceland on the edge BOZAR EXPO til 15. júní
- Lína Rut, sýning 28. mars
- Íslenskuskólinn 2. og 12. apríl
- Rope Yoga byrjar 8. apríl
- Hörður Torfa, tónleikar 11. apríl
- HBS meðferð hefst 15. apríl
- Golfmót FÍL í lok apríl
- Guðspjónusta 11. maí
- Hestamannamót 30. maí
- Eric Clapton á Íslandi í ágúst



Rope Yoga námskeið

NÝTT NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST
08.04. - 19.06.

TRYGGÐU ÞÉR PLÁSS - SKRÁNING ER HAFIN
KENNSLA FER FRAM Í
TOP-SQUASH SANDWEILER
2x70 mín. á viku
Þriðjudaga + fimmtudaga
Fyrri hópur 8:30 - 9:40
Seinni hópur 9:55 - 11:05
Einnig í boði einkatímur í Ehnen
70 mín. og 90 mín.



Markmið námskeiðsins er að nemendur njóti betri tengsla við eigin líkama og huga. Lögð er áhersla á andlegt og líkamlegt atgervi og að nemandinn öðlist aukinn styrk, samþæfingu og liðleika. Farið er í gegnum heilsuræktarkerfi Rope Yoga í bekkjunum og kenndir grunnþættir öndunar og slökunar, ásamt teygju- og flæðiæfingum. Farið er í undirstöðuatriði 7. þrepa hugræktar-kenninga Rope Yoga með sérstaka áherslu á að efla jákvæða sjálfsmynd.

Skráning er á e-mail elisabet@pt.lu og í síma 621 266 578

Elisabet A. Finnbogadóttir

Hestamannamót

Tíunda alþjóðlega hestamannamótið með hesta frá Íslandi verður haldið í Schrassig dagana 30. maí og 1. júní næstkomandi. Mót þetta hefur verið haldið annað hvert ár. Nánar auglýst síðar.

*Albert Schiltz
Tel +352 356 072
E-mail a.schiltz@pt.lu*

Frestun

Stundum þegar ég vakna mig verkjar svo í kroppnum þá venjuleg á erfitt með að koma mér á ról. Ég fer og bý til kaffi og fluksast um á sloppnum og finnst ég vera úr sér gengið gamalt skrapatól.

Hólí Móses heillin, hvað á til bragðs að taka?
Hvar er æskubrunnurinn sem eitt sinn í mér bjó?
Ef ég fer að æfa og kúnstugt skrokkin skaka,
skyldi ég þá fá 10 einsog kroppurinn hún Bó?

Ég horfi út um gluggann og fæ í hausinn bara af að hugsa um allt stritið sem ég fyrir höndum á. Svo mædd ég sest og tauta, einsog Scarlet mín O'Hara: "Á morgun er nýr dagur, - ég þæli í þessu þá."

Íris Þorkeldsdóttir

Presturinn okkar

Presturinn okkar hér í Luxembourg, Sr. Sigurður Arnarson kom sunnudaginn 16. mars og predikaði. Hann byrjaði tölu sína á orðunum.

"Eigum við eitthvað að ræða þetta frekar?"
"Já og SÆLL!"

Kirkjugestir urðu furðu lostnir og veltu fyrir sér hvort þeir væru ekki örugglega í MESSU!

En þetta kannast þeir við sem hafa kynnst Næturvaktinni og náungunum sem þar starfa. Sr. Sigurður tengdi þetta við erindi sitt um að taka ábyrgð; ekki bara á orðum sínum og gjörðum heldur að skorast ekki undan ábyrgð þegar eftir henni er leitað. Ekki var annað að sjá en að presturinn hefði fulla athygli áheyrenda.

Eftir guðsþjónusta hélt Sr. Sigurður fyrirlestur um "Sorgina og sárin." Fyrirlesturinn var mjög góður og þarft málefni hér í Luxembourg þar sem margir hafa átt og eiga um sárt að binda.

Fyrirlesturinn var vel sóttur og vel til fundið að hafa hann í kirkjunni, með dempuð ljós, blóm og kertaljós allt um kring.

Falleg stund og fallega framsettur fyrirlestur um erfið málefni sem vert er að þakka kærlega fyrir.

Hér að neðan er listi yfir þær bókmenntir sem góðar eru til lestrar við erfiðar aðstæður.

"Huggun í sorg" Karl Sigurbjörnsson
"Til þín sem átt um sárt að binda" Karl Sigurbj.
"Börn og sorg" Sigurður Pálsson
"Óskir trjáanna" Angela Elwell
"Í nærveru" Sigfinnur Þorleifsson

Ofangreindar bækur gefur Skálholtsútgáfan út.

"Stutt ágríp af sögu Traktorsins á Úkránísku" Marina Lewycka, Mál og menning gefur út.

"Söngur Steindepilsins" reynsla fólks sem hefur fengið krabbamein, viðtöl og ritstjórn eftir Hólmfríði K. Gunnarsdóttur, hún gefur sjálf út.

Ritstjóri

Færð þú fréttir frá okkur?

Stjórn FÍL vill beina þeim tilmælum til félagsmanna að ef þeir fá ekki póst eða e-mail frá stjórninni eða frá www.islandus.net að fara inn á vefsíðuna www.islandus.net og skrá sig sjálfir á "Póstlisti."

Í næsta tölublaði Brúarinnar verður fjallað um þorralótið okkar frábæra.

Gleðilega páska

Ritstjóri og stjórn FÍL

Leiklistarnámskeið

LEIKLISTARNÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA



Á aðalfundi Leikklúbbsins Spuna síðastliðið haust kom fram áhugi á að haldið yrði leiklistarnámskeið fyrir börn og jafnvel líka fullorðna. Við stefnum að því að halda svona námskeið í Hvíta-sunnufriinu, 11. - 18. maí og miðum við börn og unglunga frá u.þ.b. 10 ára aldri. Þau myndu svo jafnvel setja upp einhverja sýningu í lok námskeiðsins.

Nú viljum við kanna hvort börnin ykkar hafa áhuga og tók á að sækja svona námskeið, því næg þátttaka er grundvöllurinn fyrir því að af þessu geti orðið.

Að sjálfsögðu eru allir velkomnir.

Svör óskast sem fyrst til Ingu Hrefnu, Stellsu eða Írisar.

ingahr@pt.lu

sími 691 598 598

stella26@pt.lu

sími 357 064

iristhorkels@yahoo.co.uk sími 780 510 og 691-780 510

Stjórn Spuna

Apar og hvað ???

Í þorpi einu birtist einu sinni maður og kvaðst vilja kaupa apa af þorpsbúum á 1000 krónur stykkið.

Þar sem mikið var um apa í nágrenni þorpsins, fóru þorpsbúar að veiða apana og selja mannum þá.

Maðurinn keypti þúsundir apa af þorpsbúum á 1000 krónur, en þegar framboðið fór að minnka, bauðst maðurinn til að borga 2000 krónur fyrir apann. Aftur jókst framboðið um tíma, en síðan minnkaði það enn frekar og hætti síðan alveg þar sem erfiðara var fyrir þorpsbúa að finna fleiri apa til að selja.

Maðurinn tilkynnti þá að hann mundi borga 5000 krónur fyrir hvern apa sem hann fengi, en hann þyrfti að skreppa frá í smá tíma og aðstoðarmaður hans mundi sjá um kaupin á meðan.

Eftir að maðurinn var farinn, hóaði aðstoðarmaðurinn þorpsbúum saman og bauðst til að selja því apana, sem voru geymdir í búrum, á 3500 krónur stykkið. Fólkið gæti svo þegar maðurinn kæmi aftur selt honum apana á 5000 krónur. Þorpsbúar söfnuðu því saman öllu sínu sparifé og keyptu apana af aðstoðarmanninum. Síðan hefur ekkert spurst til mannsins eða aðstoðarmannsins.

En núna veistu allt um hvernig hlutabréfa-markaðurinn virkar!

Netpóstur/ritstjóri

Börnin og ástin

"Mamma sagði að ég ætti að velja mér mann sem væri blaður og myndarlegur."

Katrín 8. ára



Eric Clapton



Hinn vinsæli hljólmistarmaður Eric Clapton ásamt hljómsveit kemur fram á tónleikum á Íslandi í Egilshöll föstudagskvöldið 8. ágúst næst-

komandi á Evróputónleikaferð sinni vegna útgáfu tvöföldu safnskífunnar Complete Clapton.


Complete Clapton inniheldur 36 lög frá rúmlega 40 ára ferli Claptons sem sólólistamanns og með hljómsveitum eins og Cream, Blind Faith og Derek and the Dominos.

Rúmlega 10.000 aðgöngumiðar verða í boði á tónleikana á www.miði.is og á afgreiðslustöðum miði.is og hófst miðasala 4. mars kl. 10:00

Netpóstur /Ritstjóri

Gisting í Bolungavík

MÁNAFELL - ÍBÚÐAGISTING Í BOLUNGAVÍK



Áhugasamir hafi samband við:

Elisabet A. Finnbogad.

+ 352 26 747 440

+ 352 621 266 578

Arndís Hjartardóttir

+ 354 863 3879

+ 354 892 1616

Heimasíða

www.orkudisa.com

Bjóðum einstaklega notalegar, fullbúnar íbúðir í fallegu sjávarþorpi á norðanverðum Vestfjörðum til leigu í lengri eða skemmri tíma. Uppabúin rúm eða svefnpokagisting.

Ráðagóðahornið

Hægt er að ná klóri úr sundfatnaði með því að þvo hann í mildu, klórlausu þvottaefni. Sundfatnaðurinn er síðan skolaður, undinn og honum leyft að þorna. Ekki setja sundfötin í þurrkara því hár hiti getur eyðilegt þau.

Þegar búið er að borða ljúffenga salatið með góðu dressingunni er gott að kíkja á fötin því dressingin vill oft sullast á þau. Ef oliublettur hefur komið á fötin er best að setja barnapúður á blettinn samstundis.

Ef einhver blettur er eftir er best að nudda þvottaefni á blettinn og þvo flíkina á hæsta hita. Endurtakið þar til bletturinn er horfinn. Ef oliublettir eru ekki þrífir úr sem fyrst er hætta á því að þeir festist til frambúðar.

Ritstjóri/lymsar heimildir

Höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnunar (HBS) meðferð í Luxembourg

Höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun er ákaflega mild en jafnframt öflug meðferð sem hefur það meginmarkmið að skapa heilbriggt jafnvægi á öllum sviðum líkamsstarfseminnar og viðhalda því.

Hverjum gagnast HBS meðferð?

UNGABÖRN: Ungbarnakveisur, eyrnabólgur, svefnleysi o.fl.

BÖRN: Byltur og föll. Kvef, sykingar. Asmi, námserfiðleikar, hegðun.

FULLORÐNIR: Höfuðverkir, bakverkir, tognun í liðum, meltingarvandamál, veikindi eftir slys, meiðslu og alvarlegri sjúkdóma.

ALDRADIR: Afleiðingar slysa og meiðsla, tilfinningalega spennu, þunglyndi, bólgur í liðum og vöðvum.

ALLIR: Þeir sem vilja bæta heilbrigðisástand sitt.

Dæmi um vandamál

Höfuðverkir, mígreni, tíðarverkir, astmi, bólgur í

ennis- og kinnbeinaholum, blöðrubólga, frosin öxl, liðagigt, tognun á ökkla og önnur vandamál í liðum, meltingarvandamál, hryggskekkjur, bakverkir, hálsverkir, sjóntruflanir, svimi, spennu, kvíði, svefnleysi, fylgikvillar skurðaðgerða s.s. samgróningar, þrekleysi, þunglyndi, síþreyta, sjóntruflanir, rangeygi, lesblinda, augnleti, eyrnabólgur, vökvi í eyra, námserfiðleikar, einhverfa, flogaveiki, þráhyggjuhegðun, eftir höfuðskaða eins og blæðingu eða blóðtappa, ofvirkni, o.s.frv.

Hvernig fer svo meðferðin fram?

Viðkomandi sem þiggur meðferð liggur oftast fullklæddur á bekk. Meðferðin felst svo í mjög mildri snertingu þess sem meðhöndlar við t.d. höfuð, spjaldhrygg og eða aðra líkamshluta þess sem þiggur. Fingerð snerting og mild nærvera þess sem meðhöndlar örva innbyggða hæfileika líkamans til sjálfeilunar.

Meðferðin tekur u.þ.b. eina klukkustund hverju sinni.

Ofangreint er úrdráttur úr kynningu SSÓ á HBS /breyt. eru ritstjóra

Stefanía S. Ólafsdóttir er höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnari og hún rekur Heilsustofuna Nýjaland ehf., Eiðstorgi 13 á Seltjarnarnesi. Þar er hún með meðferðir í HBS og heilun ásamt blómadroparáðgjöf, einnig hefur hún verið með námskeið í heilun og blómadropum.

Síðastliðið ár hefur hún gengt formennsku Cranio Félags Höfuðbeina- og spjaldhryggjafnara. www.nyjaland.net E-mail nyjaland@gmail.com

Stefanía verður í Luxembourg frá 15. apríl til 25. apríl næstkomandi.

Þeir sem óska eftir tíma hjá Stefáníu hafi samband við Bryndísi í síma 341 882, Eddu í síma 348 453 eða Völu í síma 2694 5378.

Bryndís, Edda og Vala

Til umhugsunar frá Maríu Huesmann

Til umhugsunar um andlegt ofbeldi.

Eftirfarandi er listi um hegðun sem við höfum stundum notað án þess að gera okkur grein fyrir hve skaðleg hún er og oftast við þá sem okkur þykir vænst um (börnin okkar, maka o.s.frv.)

Gott ráð er að byrja á sjálfum sér og skoða hvernig beiti ég andlegu ofbeldi.

Skoða hvað fæ ég út úr því og hvernig skaða ég aðra...

Temdu þér framkomu við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig....

HVAÐ ER ANDLEGT OFBELDI ?

Það er til dæmis þegar:

Þú segir einhverjum að hann/hún geti ekki neitt. Skilji ekki neitt og að það sé eitthvað að honum/henni.

Þú segir eða gefur í skyn að einhver sé feitur, of

mjór, heimskur, ljótur, vondur, óhæfur og einiskis virði.

Þú uppnefnir einhvern eða bölvur honum/henni.

Þú öskrar á fólk.

Þú segir einhverjum að hann/hún sé geðveikur eða klikkaður.

Þú segir einhverjum að fara til fjandans eða láta sig hverfa.

Þú neitar einhverjum um snertingu nema í kynlífi.

Þú gagnrýnir reglulega skoðanir, smekk og gjörðir einhvers.

Þú lætur eins og einstaklingur sé ekki til staðar, yrðir ekki á hann/hana, svarar ekki og lætur eins og viðkomandi hvorki heyrir né sjáist.

Þú segir einhverjum hvað hann/hún er að hugsa og hvernig honum líður þótt hann/hún segi annað.

Þú segir einhverjum að tilfinningar hans/hennar séu heimskulegar, ómerkilegar eða óviðeigandi.

Þú segir eða gefur í skyn að einstaklingur megi ekki segja meiningu sína eða tjá skoðanir, þarfir eða tilfinningar, því þá gerist eitthvað hræðilegt.

Þú segir einhverjum að honum/henni eigi ekki að líða svona eða hinseginn.

Þú lætur einhvern, beint eða óbeint, bera ábyrgð á tilfinningum, hugsunum eða gjörðum þÍNUM.

Þú hæðist að þörfum eða tilfinningum einhvers.

Þú gerir lítið úr verkum einhvers.

Þú segir einhverjum að hann/hún sé ekki í lagi eins og hann er og að hann/hún eigi að vera einhvern veginn öðruvísi.

*María Huesmann Karlsdóttir
Counselor/Consultant IC&RC
Tel. +352 358 556
E-mail huesmann@pt.lu*



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26 665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	358 823,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	26 945 006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183



Stjórn leikklúbbsins Spuna

Inga Hrefna Kristjánsdóttir	formaður,	691 598 598	ingahr@pt.lu
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Basar International í Luxembourg

Herdís Þórisdóttir (Dísa)	formaður	350 206	
Tekla Skowronski	varaformaður	455 751	
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006	691 741 858
Guðný V. Benediktsdóttir	(innkaupast.),		661 200 206
Hjördís Ingvarsdóttir,			621 485 563

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Mjög lítið notaðir kvenmanns skiðaskór eru til sölu fyrir gott verð. Nordica, skóstærð 38. Upplýsingar veittar í síma 357 064

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

Handbók foreldra sem eru að byrja að gefa börnum sínum fasta fæðu. Bókin kostar 3.750 kr. ísl. og er seld á www.bibiogblaka.is Sendingarkostnaður er enginn.

Íslenskur fiskur og kjöt til sölu.

Spyrjist fyrir og pantið hjá Ickost. Netfang ickost@t-online.de símar eru +49 4298 466 826 og +49 178 9055 862

Íslenskt í ScanShop

Eins og áður hefur komið fram þá er íslenskt skyr komið í sölu í

ScanShop. Nú eru íslensk páskaegg til sölu svo og malt, appelsín, mix og fullt af sælgæti frá Nóa Sírius. Verslunin ScanShop er á 615 rue de Neudorf, L-2220 Luxembourg.

Tilkynningar

Gefins

Gestarúm fæst gefins. Rúmið er 130x200 með gaffli og rúmfata-skúffu. Því miður var áður gefið upp rangt símanúmer. Reynið aftur. Upplýsingar í síma 348453

Gisting við ævintýraheim Arnarheiðursins

Helga Þóra Eder rekur fallett gistiheimili sem nefnist Friðartún í Þýsku Ölpunum. Friedbichlweg 14, 83471 Schönau am Königssee. Sími: +49 8652 4123 Gsm +49 1609 607 74 32 www.friedwiese.de/isl.htm E-mail eder@friedwiese.de



Snow and Fun Club Luxembourg

Kærar þakkir fyrir ánægjulega þátttöku og stuðning.

Símaskrá

Breytingar

Bryndís Pálmarsdóttir
Hannu von Hertenzen
2 Am Wwues
L-6858 MUNSCHER

Hans Albert Knudsen
Laufey Ármannsdóttir
hknudsen@pt.lu

Nýjir meðlimir

Sólvi Sölvason
Guðrún Gunnarsdóttir
67 rue J.F. Boch
L-1244 LUXEMBOURG
Sími 26 259 371
GSM S 621 326 885
GSM G 621 504 634
E-mail solvason@pt.lu

Áhugaverðar heimasíður

elvabjorg.blog.is
www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.katabox.com
www.luxembourgticket.lu
www.poppconcerts.de
www.rbenedikta.com
www.show.lu
www.topsquash.lu
www.thorunn.lu

Víðar

www.dohop.com
www.easybycoach.com
www.draumur.is
www.ferming.is
www.fondra.is
www.gulalanan.is /nota leitarlínu
www.litirogfundur.is
www.postur.is

Börnin búa til sín eigin orðtök, málshætti eða mismæla sig, skoðum nánar;

“Betra er að hlaupa í spik en keppi”